

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 132/2030
komudagur 3.5.2006



Reykjavík, 3. maí 2006

Efni: Umsögn BSRB um frumvörp til laga um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir.

BSRB hefur fengið til umsagnar ofangreind frumvörp og leggja samtökin áherslu á að líta ber á þau sem eina heild. Ákvörðun um að stytta rétt til atvinnuleysisbóta orkar mjög tvímælis nema því fylgi enn markvissari vinnumarkaðsaðgerðir til þess að auðvelda atvinnulausu fólki að fá atvinnu á ný. Í frumvarpi um vinnumarkaðsaðgerðir er ekki skýrt kveðið á um fjármögnun slíkra aðgerða en áformað er að endurskoða þjónustusamninga og greiðslur úr ríkissjóði og öðrum sjóðum til starfsendurhæfingar í kjölfar gildistöku laganna. Eðlilegt hefði verið að frá þessu væri gengið áður en löggin kæmu til framkvæmda.

BSRB er fylgjandi þeirri meginhugsun að tekjutengja atvinnuleysisbætur að vissu marki og tímabundið eins og frumvarp um atvinnuleysisbætur kveður á um. Hins vegar gagnrýna samtökin að slíkt gildi einvörðungu um þá sem misstu atvinnu sína eftir 15. nóvember 2005 og eru enn skráðir atvinnulausir 1. júlí 2006.

BSRB vísar í erindi til félagsmálaráðuneytisins frá 23. mars sl. þar sem áhersla var lögð á aðkomu fulltrúa samtakanna að stjórnkerfi atvinnuleysistrygginga en í frumvarpinu er ekki tekið tillit til athugasemda samtakanna, sbr. meðfylgjandi bréf.

F.h. BSRB

A handwritten signature in black ink, which appears to read "Svanhildur Halldórsdóttir".
Svanhildur Halldórsdóttir

Félagsmálaráðuneytið
bt. Hönnu Sigríðar Gunnsteinsdóttur
Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu
150 Reykjavík



Reykjavík, 23. mars 2006

BSRB hefur fengið til skoðunar drög að frumvarpi til laga um atvinnuleysisbætur og drög að frumvarpi til laga um vinnumarkaðsaðgerðir. Þessum lagafrumvörpum er ætlað að mynda eina heild og skal í því sambandi lögð áhersla á að alger forsenda ýmissa breytinga sem lagðar eru til í frumvarpi um atvinnuleysistryggingar, svo sem stytting bótatímabils, er að lög um vinnumarkaðsaðgerðir verði annað en orðin tóm. Þegar breytingar voru gerðar á atvinnuleysistryggingalögunum árið 1997 hafði BSRB uppi varnaðarorð um þetta efni og reyndust þau því miður ekki ástæðulaus. BSRB er fylgjandi megininntaki þeirra lagabreytinga sem gert er ráð fyrir í lagafrumvarpinu en á þessu stigi vilja samtökin árétta kröfur fulltrúa bandalagsins í þeirri nefnd sem vann að samningu frumvarpsdraganna, og hafa ekki náð fram að ganga. BSRB hefur alla tíð lagt rækt við þennan málaflokk enda komið að þeirri vinnu sem honum tengjast bæði með setu í úthlutunarnefndum atvinnuleysisbóta, í svæðisráðum og í stjórn Vinnumálastofnunar og stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Það kann að vera til góðs að einfalda kerfið eins og hér er ráð fyrir gert en BSRB leggur áherslu á að eiga fulltrúa í svæðisbundnum vinnumarkaðsráðum. Þá er það með öllu óásættanlegt að BSRB sé ekki tryggt sæti eins og verið hefur í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs og stjórn Vinnumálastofnunar sem og í úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta.

BSRB vill koma þessum ábendingum á framfæri á þessu stigi. Þær hugmyndir sem frumvarpið er reist á hafa verið til umræðu innan bandalagsins í langan tíma og er því ekki að neita að skiptar skoðanir hafa verið um tekjutengdar atvinnuleysisbætur en það sjónarmið hefur þó orðið ofan á að slíkt væri til góðs til þess að draga úr því mikla áfalli sem fólk verður fyrir þegar það hrapar í tekjum við atvinnumissi. BSRB mun senda nánari umsögn þegar frumvarpið verður sent formlega til umsagnar frá þingnefnd.

F.h. BSRB

Svanhildur Halldórsdóttir